

Velferðarnefnd  
Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


13. mars 2023

Efni: Frumvarp til laga um sameiningu Vinnumálastofnunar og Fjölmenningsseturs. Þingskjal 1194 – 782. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á málefnum innflytjenda þannig að Vinnumálastofnun verði framkvæmdaraðili í stað Fjölmenningsseturs sem verður lagt niður. Starfsfólk Fjölmenningsseturs verður starfsfólk Vinnumálastofnunar sem tekur við skyldum Fjölmenningsseturs gagnvart því.

BHM gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytta skipan í málefnum innflytjenda en lýsir yfir ánægju sinni með þá fyrirætlan að starfsfólk Fjölmenningsseturs flytjist með verkefnum sínum til Vinnumálastofnunar sem tekur við réttindum þeirra. Með þessu er jafnframt tryggt að áunnin kjarasamningsbundin réttindi eins og réttur til námsleyfis fylgi starfsfólki til nýrrar stofnunar.

Virðingarfyllt,



Andri Valur Ívarsson

lögmaður BHM